



Bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísu hjá lögreglu það sem af er ári 2020. Í úttektinni eru tölur síðustu ára staðfestar tölur¹ en tölur fyrir árið 2020 bráðabirgðatölur². Tímabilið er 1. janúar—30. júní öll árin.

Skráð brot ná yfir brot sem lögregla skráir á tímabilinu, óháð því hvenær þau eiga sér stað. Það nær einnig yfir eldri brot sem tilkynnt eru til lögreglu á tímabilinu.

Þegar bráðabirgðatölur fyrir fyrstu sex mánuðir ársins 2020 eru skoðaðir má sjá að skráð voru talsvert færri sérrefsi- og umferðarlagabrot heldur en á sama tíma 2018 og 2019. Sjá töflu 1.

Skráð sérrefsilagabrot voru 18% færri á fyrri hluta árs 2020 heldur en 2019. Þar af voru skráð fíkniefnabrot töluvert færri og mestu munar þar um færri vörslubrot. Einnig voru skráð mun færri brot gegn áfengislögum árið 2020 heldur en bæði 2018 og 2019.

Skráð umferðarlagabrot voru 31% færri á fyrri hluta árs 2020 heldur en 2019. Langmestu munar um færri hraðakstursbrot sem voru 29.213 árið 2019 en 19.389 árið 2020.

Skráð hegningarlagabrot voru 6% fleiri á fyrri hluta árs 2020 heldur en 2019. Ekki er það mikil aukning en þar af munar þó mestu um fleiri ofbeldisbrot, fjársvik og brot gegn friðhelgi einkalífs. Sjá töflu 2.

Tafla 1. Fjöldi brota eftir yfirflokkum frá 1. janúar—30. júní árin 2018, 2019 og 2020.

Yfirflokkar	Fjöldi brota skráð í janúar-júní		
	2018	2019	2020*
Sérrefsilagabrot	2.995	3.254	2.660
Hegningarlagabrot	5.885	5.809	6.130
Umferðarlagabrot	37.625	38.419	26.618
	46.505	47.482	35.408

*Bráðabirgðatölur

Tafla 2. Fjöldi brota eftir völdum undirflokkum frá 1. janúar—30. júní árin 2018, 2019 og 2020* og meðalfjöldi brota á mánuði á liðnum mánuðum 2018-2020.

Tegund brots	Fjöldi brota á fyrri hluta árs			Meðalfjöldi á mánuði fyrri hluta árs			Þróun meðaltals**
	2018	2019	2020	2018	2019	2020	
Auðgunarbrot	2.504	2.507	2.645	417	418	441	— — ■
þ.a. innbrot	572	478	495	95	80	83	■ — —
Áfengislagabrot	405	323	195	68	54	33	■ ■ —
Brot gegn friðhelgi einkalífs	462	443	540	77	74	90	— — ■
Eignaspjöll	949	817	887	158	136	148	■ — ■
Fíkniefnabrot	1.205	1.112	900	201	185	150	■ ■ —
Kynferðisbrot	319	325	237	53	54	40	■ ■ —
Nytjastuldur	220	213	198	37	36	33	■ ■ —
Ofbeldisbrot	905	775	977	151	129	163	■ — ■
Skjala- og peningafals	163	243	175	27	41	29	— ■ —

*Bráðabirgðatölur fyrir árið 2020


** Stærðir súla tákna mun á meðaltali og rauð súla merkir hæsta meðaltal á tímabilinu.

1. Tölur um fjölda brota árin 2018-2019 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektr/>

2. Tölurnar fyrir árið 2020 voru teknar út 25.8.2020 úr málaskrárkerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru á tímabilinu eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Þróun á heimilisofbeldi síðustu mánuði má sjá á mynd 2. Þar má annars vegar sjá fjölda brota sem skráð voru í mánuði (sbr. við töflu 1 og 2) og hins vegar fjölda brota sem átti sér stað í mánuði. Þar má sjá mikla aukningu á heimilisofbeldi sem átti sér stað í apríl og maí 2020 miðað við mánuðina á undan.



*Fjöldi brota skráð í apríl 2020 er óvenju hár vegna yfirferðar og lagfærðra skráninga hjá einu embætti.

Mynd 2. Heimilisofbeldi, annars vegar fjöldi brota sem áttu sér stað í mánuði og hins vegar fjöldi brota skráð í mánuði, tímabilið janúar 2019—júni 2020.

Þegar brotaflokkar eru skoðaðir má sjá að umferðarlagabrot eru töluvert mikið færri á fyrri hluta árs 2020 heldur en árin á undan. COVID-19 faraldurinn og þær takmarkanir sem hafa fylgt honum er líkleg ástæða fyrir því. Mun minni umferð var á vegum landsins á fyrri hluta árs heldur en á sama tíma síðustu ár³ og umferðarlagabrotin að sama skapi færri. Einnig má sjá talsvert færri fíkniefna- og áfengislagabrot en færri tækifæri fólks til að koma saman (t.d. á almenningstöðum, samkomum ofl.) gæti verið áhrifaþáttur þar.

Ekki hefur verið mikil breyting á heildarfjölda hegningarlagabrota það sem af er ári miðað við árin á undan en þó hefur verið aukning á heimilisofbeldi og fjárvikum en sú þróun er eitt af því sem lögregluþróunin í Evrópu, Europol⁴ og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO⁵ hafa varað við í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Einnig voru skráð fleiri brot gegn friðhelgi einkalífs og ofbeldisbrot það sem af er ári 2020 heldur en fyrri hluta árs 2018 og 2019.

Þess ber að geta að um er að ræða bráðabirgðatölur en þær gefa vísbendingar um þróun brota.

3. Heimild, Vegagerðin: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/tolfrumferdar/>

4. Sjá á vef lögreglunnar: <https://www.logreglan.is/brotamenn-a-netinu/>

5. Sjá á vef WHO: https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/question-and-answers-hub/q-a-detail/violence-against-women-during-covid-19?gclid=Cj0KCQjw7ZL6BRCmARIsAH6XFDKFBPMfPBKRWVpBK_C37ODgYzVMWrecdhXxZ2yQupy_duSmRvh848aAnsXEALw_wcB